



Verkfræðingafélag Íslands

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um nýja og uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Mál nr. S-119/2024.

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) fagnar útgáfu Aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem lagðar eru til 150 loftslagsaðgerðir og loftslagsverkefni. Aðgerðaráætlunin er mun ítarlegri og umfangsmeiri en fyrri áætlun og talsverður metnaður lagður í að ná utan um þessi flóknu mál.

Aðgerðir í loftslagsmálum eru langtímaverkefni sem kalla á breytta hugsun og breytta nálgun á mörgum sviðum. Ný tækni og breytt vinnubrögð leika lykilhlutverk í fjölda þeirra verkefna sem framundan eru. Framkvæmd ýmissa aðgerða í áætluninni eru ekki á borði stjórnvalda heldur í höndum fyrirtækja og sveitarfélaga þar sem verkfræðingar og tæknifræðingar eru gjarnan í lykilhlutverkum. Verkfræðingafélagið fagnar því að atvinnulífið hafi tekið virkan þátt í mótun í aðgerðanna og hafi skilgreint hlutverk við að innleiða þær.

Úrlausn margra aðgerða kallar á að þróaðar verði nýjar lausnir og aðferðir.

Það vekur athygli hve margar aðgerðir sem settar eru fram í áætluninni eru á byrjunarstigi og ekki vel útfærðar. Hvatt er til að koma aðgerðum í framkvæmd sem fyrst því hvert ár telur og viðgangsefnið verður erfiðara ef beðið er með að hefjast handa. Tæpur þriðjungur þess loftslagsávinninga sem reiknað er með að muni sparast fyrir 2030, eru aðgerðir sem eru enn á hugmyndastigi. Það dregur úr trúverðugleika útreikninganna að aðgerðirnar sem eigi að spara losun séu ekki fullmótaðar. Þá er hætt á því að sá loftslagsávinningur sem reiknað er með sé sýnd veiði en ekki gefin. Bæði getur verið að væntingar séu óraunhæfar og að það taki lengri tíma en búist er við að þróa aðgerðirnar og hrinda þeim í framkvæmd, svo það náist ekki innan 2030.

VFÍ fagnar því að stjórnvöld boða vinnu með aðilum eins og Grænni byggð, Grænu orkunni og samtökum atvinnugreina. Undarlegt má teljast að ekki sé gert ráð fyrir meira samstarfi við sveitarfélög og landshlutasamtök, sem er það stjórnsýslustig sem stendur almenningi næst og hefur mikil áhrif á samfélagslosun. Æskilegt væri að styrkja samstarf ríkis og atvinnulífs við sveitarfélög og samvinnu þeirra á milli.

Orkuskipti eru meginstef aðgerðaáætlunarinnar. VFÍ styður mikilvægi þess að hreinorkuvæða samgöngur og atvinnustarfsemi að sem mestu leyti. Þó þarf að haga í huga að áframhaldandi umferðaraukning mun vega upp á móti orkuskiptunum ef ekkert verður að gert. Til viðbótar við orkuskipti þarf einnig að nota verkfærakistu skipulagsmála til að

stuðla að breyttum ferðavenjum, t.d. með þéttingu byggðar og þjónustu meðfram samgönguásum.

Hið sama á við um losun frá höfnum, þar eykst losun í takt við umferðaraukningu. Skemmtiferðaskip standa fyrir sífellt hærra hlutfalli af losuninni. Skipakomum fjölga og losun á hverja skipakomu er hærri en fyrir aðrar gerðir skipa. Til eru hvatakerfi á borð við *Environmental Port Index*, sem hygla umhverfissvænni skipum og eru einnig til þess fallin að styrkja orðspor Íslands sem umhverfissvæns áfangastaðar. Það er jákvætt að hafnir eigi að fá heimild til að láta gjaldskrár taka mið af umhverfissjónarmiðum. Einnig mætti stefna að fræðslu og samstarfi um umhverfismiðaðar gjaldskrár.

Aðgerðir sem kallaðar eru „Hvatar til umskipta“ eru verkefni sem erfitt er að meta með beinum hætti en styðja við önnur verkefni í áætluninni. Menntun og fræðsla skiptir miklu máli til að allt gangi upp. Til að nýjar lausnir verði til þarf að mennta fólk því loftslagsmál koma við sögu í öllum verkefnum samfélagsins. Tæknimenntun er þar lykilatriði því tæknilausnir og nýsköpun eru drifkraftur breytinga.

Loftslagssjóður var kærkomin viðbót fyrir rannsóknir og þróun og sjóðurinn hefur stutt við fjölda verkefna. VFÍ telur að áframhaldandi stundþingur rannsóknarsjóða við lofstlagsverkefni geti velt af stað umbreytingum sem til þarf.

Skýrslan er umfangsmikil og gott er að hafa myndræna framsetningu í inngangi og fremst í hverjum kafla. Það hjálpar lesanda að staðsetja sig og setja losun og aðgerðir í samhengi. Æskilegt væri að skjal sem varðar marga og margir hafa áhuga á að kynna sér, væri sett upp á einfaldari máta og endurtekningar minnkaðar. Við fyrstu sýn virðist skýrslan afar efnismikil en við nánari lestur kemur í ljós að mikið er um endurtekningar. Inngangur er endurtekinn í öllum fjórum skjölunum, sem sennilega nauðsynlegt þegar köflunum er skipt í sér skjöl. Einnig eru endurtekningar í hverjum aðgerðakafla þar sem fyrst kemur stutt lýsing á verkefni, svo koma töflur fyrir hverja aðgerð með samantekt um efni, stöðu, tímabil, fjámögnun og ábyrgð. Síðan koma töflur með ítarlegri texta sem er að hluta endurtekning á fyrri töflunum. Á síðunni CO2.is er svo farin millileið og aðeins lengri texti birtur en í samantektartöflunum.

Virk þátttaka samfélagsins í verkefnunum er lykilatriði til að vel takist til. Nýta ætti tæki verkefnastjórnunar og sýna opinberlega tímalínu innleiðingar, stöðu verkefna og árangur. Virkja þarf upplýsingasiður, þar sem lifandi umfjöllun um stöðu verkefna væri sett fram og uppfærslur á stöðu mála. Ekki þarf að bíða eftir útgáfu heildarskýrslna til að sýna árangur. Mikilvægt er að gera grein fyrir ávinningi sem fyrst til að hvetja samfélagið til að halda áfram að vinna í verkefnunum.

Reykjavík, 23. september 2024.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.